

## Aðalfundur Beint frá býli 2020

**Aðalfundur Beint frá býli haldin 21.11.2020 kl 14:00 Fundurinn var haldinn á samskiptaforritnu Zoom venga aðstæðna í samfélaginu sem einkenndust af takmörkuðum samskiptum. Boðað var til fundarinnis á með tölvupósti og þeir sem að tilkynntu mætingu fengu sendan fundarboð sem fór fram á Zoom.**

### Dagskrá fundarins

1. Fundarsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Ávörp gesta.
4. Erindi:
5. Skýrsla formanns (stjórnar) félagsins um starfsemi á liðnu ári..
6. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu. Umræður um skýrslu formanns og reikninga.
7. Breytingar á samþykktum BFB.
8. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna.
10. Árgjald ákveðið.
11. Önnur mál sem félagið varðar.

1. Fundarsetning Lovísa Rósa Bjarnadóttir setti fund kl 14.05
2. Lovísa lagði tillögu um að fundarstjóri yrði Hafdís Sturlaugsdóttir og fundarritari Anna S Sævarsdóttir. Það var samþykkt.
3. Ávarp gesta.
  - a. Hörður Þórhallsson frá Beit.

Hann kynnti fyrir fundargestum stutt myndbönd sem hann hafði unnið fyrir Beint frá býli en Þórhallur rekur fyrirtækið Beit. Hann útskýrði undanfara þessara vinnu en þannig var að stjórnin ákvað eftir að samið hafði verið við Beit að senda út tölvupóst og óskaði þar með eftir að þeir aðilar sem hefðu áhuga á að fá Hörð í heimsókn gæfu sig fram. Þátttaka var frekar dræm og þess vegna hafði stjórnin samband við bænda og félagið félagið sem flestir tóku mjög vel í. Hörður hefur nu þegar farið í 14 heimsóknir til að taka upp viðtöl og myndbönd en hugmyndin er að þau verði 4 til 5 og mjög stutt. Þessum myndböndum verður síðan hægt að deila bæði á heimasíðu félagsins og þar sem talið er að þau eigi heima og hafi sem best auglýsingagildi. Hörður sagði frá heimsóknum sínum sem hann hafði mörg orð um hvað þau hefðu verið skemmtilegar og fræðandi og sýndi síðan fundargestum sýnishorn af einu slíku.
  - b. Oddný Anna Björnsdóttir frá félagi smáframleiðanda

Oddný var með almenna kynningu á félaginu s.s fjöldi félaga, fyrir hvað aðild að félaginu stendur en velti einnig upp þeirri spurningu hvernig fólk sæi þessi félög geta unnið saman. Félagið er fyrir alla smáframleiðendur hvort sem þeir eru á lögbýli eða ekki. Félagið er með starfsmann sem er í hluta starfi. Félagið hefur verið mjög öflugt og gert góða hluti. Oddný Anna benti á að Félagið

smáframléiðanda hefði áhuga á að skoða samvinnu við BFB og taldi þessi tvö félag geta unnið saman að sameiginlegum hagsmunamálum. Fundargestir voru almennt jákvæðir fyrir því.

4. Erindi voru engin.

5. Skýrsla stjórnar var lesin upp af Lovísu Rósu formanni og verður lögð fram með fundargerð. Helstu atriði skýrslunar voru uppfærsla á heimasíðu sem var mjög nauðsynleg en hefur tekið töluverðan tíma. Umsóknir um styrki, kynningarmyndbönd, vinna við að koma saman gæðahandbók sem Hafdís Sturlaugsdóttir hefur unnið við að setja saman og mikla þörf félagsins á því að geta haft starfsmann svo eitthvað sé nefnt.

6. Reikningar voru lagðir fram

Nokkrar umræður urðu um skýrslu stjórnar.

Fyrirspurn kom um kostnað við heimasíðu, hvort leitað hefði verið tilboða. Það var vissulega gert og tilboði frá fyrirtækinu Stefnu tekið sem sá um heimasíðuna fyrir breytingar. Guðmundur Jón hefur séð um samskipti við Stefnu og vinnu við að koma heimasíðunni á loft. Lovísa benti á að heimasíða félagsins væri töluvert viðamikil sem útheimti vissulega kostnað umfram margar aðrar heimasíður. Heimasíðan á að fara í loftið tilbúin til notukunar á þessu ári. Guðmundur Jón fór yfir það með félagsmönnum að til þess að bæjir séu sýnilegir á heimasíðunni verði hver og einn að senda til hans upplýsingar. Þar verður að koma fram grunnupplýsingar s.s tölvupóstur eða símanúmer ásamt því hvað sé verið að selja á bænum.

Einng kom upp fyrirspurn um höfundarétt kynningamyndbandanna frá Beit.

Höfundaréttur er hjá Beint frá býli og ekkert sett á samfélagsmiðla af myndefni nema með samþykki þeirra sem koma frá í myndböndunum.

7. Breytingar á samþykktum BFB.

Næsti liður var breytingar á samþykktum BFB. Hafdís Sturlaugsdóttir sagði frá því að tillaga sem lögð var frá á síðasta fundi og átti að taka til afgreiðslu á þessum fundi hafði tapast þar sem að hún hafði ekki verið bókuð af fundarritara. Rétt er að taka fram að samþykktum má ekki breyta nema á aðalfundi og 2/3 þurfa að samþykkja þær.

Tillaga um breytingu á 5 grein um kosningar sem nú hljóðar svo;

5. grein Stjórn félagsins skipa 3 stjórnarmenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Að loknu kjöri aðalmanna í stjórn skulu 3 varamenn kjörnir til eins árs. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundi og fá sendar fundargerðir. Kjörnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna

Tillaga frá Hönnu Kjartansdóttur um breytingar á 5 grein laga:

Stjórn félagsins skipa 5 stjórnarmenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn geta mest setið í 3 kjörtímabil í senn en geta tekið kjöri á ný eftir árs hlé. Að loknu kjöri aðalmanna í stjórn skulu 2 varamenn kjörnir. Að öllu jöfnu skal kjörtímabil stjórnarmanna skarast, þannig að

einn gangi út í einu. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum og fá sendar fundargerðir. Kjörnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna.

Á fundinum var lögð fram breytingartillaga við fram komna tillögu og um 5 grein samþykkt BFB og hljóðar hún svona:

Stjórn félagsins skipa 5 stjórnarmenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn geta mest setið í 3 kjörtímabil í senn en geta tekið kjöri á ný eftir árs hlé. Að loknu kjöri aðalmanna í stjórn skulu 2 varamenn kjörnir til þriggja ára. Varamenn fá sendar fundargerðir. Kjörnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna.

Ákvæði til bráðabirgða. Árið 2020 skulu kosnir fimm stjórnarmenn, tveir til þriggja ára, tveir til tveggja ára og einn til eins árs. Þeir sem fá flest atkvæði sitja til þriggja ára og þeir sem fá næst flest til tveggja ára og sá sem hlýtur fimmtu flestu atkvæðin situr til eins árs. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Varamenn skulu kjörnir annar til tveggja ára og hinn til þriggja ára.

Gengið var til atkvæða og tillagan samþykkt með áorðnum breytingum.

8. Kosningar aðalstjórnar og varastjórnar. Ekki var hægt að kjósa að svo stöddu og ástæða þess er að óskað var eftir því af fleirum en einum að kosningar væru leynilegar. Þar sem að fundurinn fór fram á samskiptaforritinu Zoom var ekki hægt að uppfylla kröfur um leynilegar kosningar. Akveðið var að unnið yrði að því að finna leið í til þess að kjósa í stjórn og aðalstjórn í þessu samskiptaforriti og kostningar yrðu því um bíða meðan unnið yrði að því. Kosningar verða því síðar framkvæmdar með þeim hætti að fólk fær könnun í gengum forritið Google forms þar sem það getur greitt atkvæði um tillögur og kosið fólk í stjórn. Þannig er hægt að viðhafa leynilega atkvæðagreiðslu.
9. Skoðunarmenn voru endurkjörnir með fyrirvara um samþykki þeirra en þeir voru ekki á fundinum.
10. Árgöld.

Tekin var umræða um félagsgjöld. Jóhanna Þorvaldsdóttir og Sigrún Indriðadóttir lögðu til að félagsgjöldin yrðu hækkuð í 20.000 kr og var það samþykkt með meirihluta. Meirihluti fundarins var samþykktur því að félagið þyrfti á fjármagni að halda til þess að geta haldið úti heimasíðu og greitt lágmarks rekstrakostnað.

#### 11. Önnur mál

Eftirfarandi tillaga var lögð fram af Hönnu Kjartasdóttur fyrir fundinn:

Aðalfundur Beint frá býli haldin 21.11.2020, ályktar að fela stjórn að ganga til könnunar viðræðna við Samtök smáframleiðenda matvæla(ssfm). Markmið þeirra viðræðna skal vera að kanna hvernig og á hvaða grunni félögin geti unnið saman að hagsmálum smáframleiðenda. Þar sem nokkuð víst getur talist að samlegðaráhrif af samvinnu eða því að BFB gangi í hin nýju samtök séu óumdeild. Þar þarf að skoða alla kosti og bera svo undir féлага BFB um áframhald.

Óskað hafði verið eftir leynilegri atkvæðagreiðslu og var tillagan því ekki tekin fyrir en atkvæðagreiðslu um hana fer fram í sama kerfi og kosningar til stjórnar og varastjórnar.

Aðalfundur samþykkti að vísa þessari tillögu til netatkvæðagreiðslu.

Önnur mál voru ekki rædd og fundi því frestað kl 16:30

Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir fundarritari (sign)

Hafdís Sturlaugsdóttir fundarstjóri (sign)